



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 9. október 2019

Efni: Frumvarp til laga um skráningu einstaklinga – Þingskjal 101 – 101. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 26. september 2019 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar (TR) um ofangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um að TR greiði 1/10 hluta af rekstri þjóðskrár, eins og kveðið hefur verið á um í eldri lögum. Ástæða er til að gera athugasemd við að ekki sé gerð breyting á þessu ákvæði. TR hefur ekkert forræði á rekstri þjóðskrár og getur því ekki haft áhrif á þá fjárhæð sem stofnuninni er gert að greiða árlega. Auk þess verður ekki séð að rök séu til þess að TR borgi hluta af rekstri annarrar ríkisstofnunar á meðan undanþága er gerð um Ríkisskattstjóra í tekjuskattslögum. Þær upplýsingar sem er að finna í þjóðskrá eru þar að auki nýttar við meira og minna alla mögulega þjónustu bæði opinberra aðila og einkaaðila hér á landi.

Þá er ekki lengur eðlilegt að í lögnum sé kveðið á um að TR greiði 1/10 hluta af rekstri þjóðskrár þegar haft er í huga breytt hlutverk stofnunarinnar. Eftir uppskiptingu á TR árið 2008 og stofnun Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) annast stofnunin nú einungis hluta af þeim verkefnum sem hún annaðist á sínum tíma, um helmingur verkefnanna fluttist yfir til SÍ.

Virðingarfyllt,

Sigríður Lillý Baldursdóttir
Förstjóri Tryggingastofnunar